


# ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044  
PÓSTHÓLF 8720 — KENNITALA 420169-6209



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
bt. Ragna Árnadóttir  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

14. desember 1992

*Alþingi*

*Erindi nr. P 116 1612*

*komudagur 15/12 1992*

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn ASÍ um frumvarp til breytingar á lögum um skattamál, 286. mál.

Hjálagt er handrit að væntanlegu fréttabréfi ASÍ, þar sem fjallað er ýtarlega um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og þær hugmyndir sam forseti ASÍ hafði lagt fram, þær ályktanir sem samþykktar voru á 37. þingi ASÍ og í miðstjórn um efnahagsaðgerðirnar ásamt athugsemdum ASÍ varðandi einstaka þætti frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Gylfi Arnbjörnsson  
hagfræðingur ASÍ



## Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

### Gagnvart einstaklingum:

**Tekjuskattur.** Í 4. gr. frumvarpsins er tekjuskattsprósentan hækkuð úr 32,8% í 34,3%, eða um 1,5 prósentustig án þess að persónuafsláttur sé hækkaður á móti. Þetta þýðir að skattleysismörk lækka úr 60.258 kr. á mánuði í 58.073 kr., eða um 2.185 kr. á mánuði. Ennfremur er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að persónuafslátturinn hækki í takt við verðbólgu undanfarinna mánuða, og rýrir það ennfrekar skattleysismörkin. Afleiðing þessa er að ráðstöfunartekjur lágtekjufólks með 60.258 kr. á mánuði eru lækkaðar um 1,5% og hjá meðalfjölskyldum um 1,8%.

**Barnabætur.** Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að spara 500 mill.kr. í barnabótakerfinu með því að lækka barnabæturnar um 30% og hækka barnabótaaukann á móti um 11%. Þrátt fyrir yfirlýst markmið um að þetta komi harðar niður á hærri tekjum liggur fyrir að hér er um flata skerðingu í tveimur þrepum að ræða sem hlutfallslega kemur verst niður á meðal- og lágtekjufólki. Allflestir sem í dag njóta barnabóta eða barnabótaaukagreiðslna lenda í einhverri lækkun. Samkvæmt útreikningum Hagdeildar ASÍ lækka greiðslurnar hjá hjónum með tvö börn (annað yngra en 7 ára) um rúmar 600 kr. ef samanlagðar tekjur eru lægri en 200 þús. kr. á mánuði. Fyrir hjón með 100 þús.kr. á mánuði þýðir þetta 0,6% lægri ráðstöfunartekjur. Fyrir hjón með meðaltekjur (235 þús.kr. á mánuði) lækka barnabætur um 1.634 kr. á mánuði, sem skerðir ráðstöfunartekjur þeirra um 0,7% á mánuði.

Ennfremur má geta þess að við lokafrágang samninga sl. vor lofaði ríkisstjórnin því að breyta barnabótakerfinu þannig að barnabætur hjá þeim sem eru með hæstu tekjurnar yrðu lækkaðar og þeirri fjárhæð sem þannig sparaðist yrði varið til þess að auka barnabætur hjá lágtekjufólki. Við þetta loforð hefur ekki verið staðið og barnabætur skertar einhliða. Lágtekjufólk hefur því verið svikið um þær úrbætur sem lofaðar voru.

**Vaxtabætur.** Í 5. gr. er einnig gert ráð fyrir að spara um 400 mill.kr. vegna greiðslna vaxtabóta. Þessu á að ná bæði með því að einungis verði heimilt að miða við 90% af raunverulegum vaxtagjöldum við útreikning vaxtabótanna og jafnframt er hert á eignaviðmiðunum og hámark viðurkenndra vaxtagjalda lækkað. Þar sem ljóst er að möguleikar lágtekjufólks og meðaltekjufólks til þess að stofna til skulda (og þar með vaxtagjalda) eru minni en hjá hátekjufólki. Þannig virðast vaxtagjöld hátekjufólks vera það há að þau eru meiri en sem svarar hámarksviðmiðun vaxtabóta. Því bendir flest til þess að þessi skerðing lendi af meiri þunga á lágtekju- og meðaltekjufólki en hátekjufólki.

Ef miðað er við upplýsingar um meðalvaxtagjöld og meðaltekjur eftir tekjubilum skerðast ráðstöfunartekjur um allt að 3,5% hjá hjónum með undir 80 þús.kr. á mánuði og 2% hjá hjónum með tekjur á bilinu 80-170 þús.kr. á mánuði. Hjón sem eru með yfir 250 þús.kr. á mánuði lenda hins vegar í verulega minni skerðingu.

Það má ennfremur benda á það, að hjá Húsnaðisstofnun er tekið tillit til væntanlegra vaxtabóta þegar verið er að meta greiðslugetu þeirra sem sækja um húsbréfalán. Skerðing á vaxtabótum getur því stefnt þessu fólki í greiðsluerfiðleika í framtíðinni, þar sem verið er að breyta öllum forsendum um greiðslubyrði af íbúðalánunum. Þetta atriði verður að hafa í huga þegar fjallað er um þessa skerðingu vaxtabóta, sérstaklega þar sem nú er hætt að veita sérstök lán vegna greiðsluerfiðleika.



**Sérstakur tekjuskattur manna.** Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í IV. og V. kafla 17. gr. frumvarpsins er lagður á sérstakur tímabundinn tekjuskattur á einstaklinga með yfir 200 þús.kr. á mánuði og hjón yfir 400 þús.kr. á mánuði í tvö ár. Ekki er gert ráð fyrir að þessi sérstaki tekjuskattur verði hluti af staðgreiðslukerfinu heldur verði innheimtur sem fyrirframgreiðsla mánuðina ágúst til desember 1993 og 1994 vegna álagningar á árinu 1994 annars vegar og 1995 hins vegar. Varðandi þau tekjumörk og þá skattprósentu sem ákveðin hefur verið vísast til hjálagðs fréttabréfs ASÍ og ályktanna frá 37. þingi ASÍ og miðstjórn ASÍ.

Alþýðusambandið lýsir sig jafnframt andsnúið því formi, sem valið hefur verið á innheimtu þessa sérstaka tekjuskatts. Í þeim hugmyndum sem fulltrúar ASÍ hafa verið með til umfjöllunar var gert ráð fyrir að innheimtan yrði inni í staðgreiðslukerfinu, enda eru fjölmargar þjóðir í nágrenni okkar með mörg skattþrep sem innheimt eru í staðgreiðslu. Þetta innheimtuform minnir því miður um of á gamla skattakerfið, með öllu því óhagræði sem því fylgdi.

Varðandi allar þessar breytingar sem fjallað hefur verið um, hljómar það hins vegar einkennilega að það skuli vera talin sérstök þörf á því að þessi skattlagning verði tímabundin, meðan allar skattahækkningar á almenning eru með varanlegu sniði. Það er einnig umhugsunarefni, hversu skammt er gengið í skattlagningu hærri tekna á sama tíma og verið er að draga úr barnabótum og vaxtabótum. Skerðing barnabóta og vaxtabóta er auðvitað ekkert annað en aukin skattlagning, þar sem það er gert að skilyrði fyrir skattlagningunni að viðkomandi eigi börn eða standi í erfiðri greiðslubyrði vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Í flestum tilfellum er hér um einn og sama hópinn að ræða. Þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur og hafa þokkalegar tekjur sleppa hins vegar mun betur frá aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þetta er í fyrsta máta óásættanlegt og lýsir ASÍ sig mótfallið þeirri stefnu stjórnvalda að leggja stöðugt þyngri byrðar á láglaunafólk, barnafólk og það fólk sem er að koma sér upp húsnæði á sama tíma og aðrir sleppa.

#### ***Almenn atriði:***

**Skattrannsóknir og skatteftirlit:** Alþýðusambandið tekur undir þær breytingar sem verið er að gera á fyrirkomulagi skatteftirlits og skattrannsókna, bæði með tilliti til aðgreiningar dóms- og framkvæmdarvalds og að ábyrgð og eftirlit verði undir stjórn eins aðila. Eins og málum er nú háttað varðandi undandrätt frá skatti er skattkerfið að missa trúverðugleika sinn gagnvart almenningi og því knýjandi nauðsyn að tekið verði harðar á þessum málum. Alþýðusambandið bendi hins vegar á að í þessu frumvarpi er ekkert fjallað um auknar fjárveitingar vegna þessa málaflökks. Því er það óljóst ennþá hvort nota eigi þessa breytingu á umgjörð skatteftirlitsins til þess að fara í raunverulega hert skatteftirlit.

**ÚRBÆTUR Í ATVINNUMÁLUM  
OG  
AÐGERÐIR Í EFNAHAGSMÁLUM.**

**STARF ATVINNUMÁLANEFNDAR**

Í kjölfar kröfu ASÍ við samningsgerðina í vor skipaði ríkisstjórnin síðastliðið sumar atvinnumálanefnd með fulltrúum ASÍ, atvinnurekenda og sveitarstjórna. Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis var skipaður formaður nefndarinnar en fulltrúar ASÍ voru Ásmundur Stefánsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Grétar Þorsteinsson.

Í lok september leit út fyrir að samkomulag myndi takast um tillögur sem miðuðu að því að draga úr atvinnuleysi.

Ekki var samkomulag um heildarfjárhæðir en samstaða var um að eðlilegt væri að auka vegaframkvæmdir og viðhald opinberra bygginga og beita sér fyrir séraðgerðum á svæðum þar sem atvinnuleysi er mest. Einnig var samstaða um að grípa þyrfti til aðgerða til að sporna gegn því að fiskvinnsla flytjist út á sjó, auka vinnslu í landi og sókn í nýja stofna, leggja jöfnunargjöld á skipasmíðar og viðgerðir og markaðssetja þá orku sem þegar er beisluð en rennur ónotuð til sjávar. Þá var samstaða um að lækka yrði vexti og auka rannsóknar- og þróunarstarf og efla markaðsstarfsemi í útlöndum.

Í hugmyndum til atvinnueflingar voru einnig uppi tillögur um auknar félagslegar íbúðabyggingar, en einmitt í erfiðu árferði er vaxandi þörf fyrir slíkar framkvæmdir.

Þá var rætt um aukna þjónustu ríkis og sveitarfélaga þar sem konum gæfust aukinn atvinnutækifæri en framkvæmdir hafa augljóslega þann ágalla að fyrst og fremst er um hefðbundin karlastörf að ræða.

Af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins var unnið út frá eftirfarandi viðmiðun. Talan um opinberar framkvæmdir var upphaflega 6 milljarðar króna en var lækkuð í 3 milljarða króna eftir að ríkisstjórnin tók ákvörðun um að setja 1800 m.kr. á fjárlög.

Ríkisútgjöldin draga úr atvinnuleysi og þar með útgjöldum til atvinnuleysisbóta. Auk þess fær ríki gjöld og skatta bæði af vörum, atvinnustarfsemi og tekjum einstaklinga. Þegar tekið hefur verið tillit til þess verða útgjöld ríkisins mun minni en nemur kostnaði við framkvæmdirnar.

### Aðgerðir til að auka atvinnu

|                                 | Kostnaður   | Útgjöld - tekjur ríkissjóðs |
|---------------------------------|-------------|-----------------------------|
| Vegaframkvæmdir                 |             |                             |
| Viðhald opinberra bygginga      | 3.000 m.kr. | 1.500 m.kr.                 |
| Félagslegar íbúðabyggingar      |             |                             |
| Þjónustu ríkis og sveitarfélaga | 1.000 m.kr. | 700 m.kr.                   |
| Séraðgerið á atvinnuleysisvæðum | 1.000 m.kr. | 700 m.kr.                   |
| Samtals                         | 5.000 m.kr. | 2.900 m.kr.                 |

Einnig þarf að leggja í nokkurn kostnað vegna aðgerða í sjávarútvegi og í markaðsstarf og rannsóknir en tekjur af jöfnunargjaldi falla í ríkissjóð. Um vexti verður fjallað síðar.

Um ýmis fleiri atriði var fjallað í atvinnumálanefnd en þau verða ekki rakin hér.

Án samráðs við nefndina greip ríkisstjórnin niður í hugmyndabanka nefndarinnar og setti inn á fjárlög auknar fjárveitingar til framkvæmda svo og til rannsókna og markaðsmála. Vantaði þó mikið á að gengið væri jafn langt og telja má að samkomulag hefði orðið um í nefndinni.

### Afkoma sjávarútvegs

Atvinnumálanefndin hafði á þessum tíma ekki fjallað um afkomuvanda sjávarútvegs eða annarra greina. Af hálfu nefndarinnar hafði verið gert ráð fyrir því að á því máli yrði tekið á vettvangi ríkisstjórnar. Það kom hins vegar í ljós í október

að hvergi var verið að undirbúa aðgerðir í því efni þrátt fyrir að Þjóðhagsstofnun hefði kynnt það mat á stöðu sjávarútvegs að vænta mætti 8% halla á komandi ári.

Miðað við spá þjóðhagsstofunnar um árið 1993 mátti eins og áður sagði gera ráð fyrir 8% halla að meðaltali en jafnframt að um 90% veltunnar væri hjá fyrirtækjum með halla og aðeins 10% hjá fyrirtækjum með hagnað. Fyrirtæki með rúmlega þriðjung veltunnar væru með yfir 10% halla. Viðtækar rekstrarstöðvanir hlytu því að blasa við ef ekkert yrði að gert.

### **Gjaldþrot**

Stórfelld gjaldþrot í sjávarútvegi myndu augljóslega koma víða niður, ekki aðeins hjá þjónustufyrirtækjum á viðkomandi stöðum heldur líka hjá ýmsum fyrirtækjum sem þjóna landinu öllu svo sem olíufélögum, tryggingafélögum og bönkum. Atvinnuleysi gæti á stuttum tíma orðið alvarlegt og það gæti orðið langvarandi því þau fyrirtæki sem eftir stæðu væru veikburða og illa í stakk búin til þess að taka upp starfsemi þeirra fyrirtækja sem gæfust upp.

Það er af þessum sökum útilokað að stjórnvöld myndu nema stuttan tíma horfa aðgerðalaus á gjaldþrotin ganga yfir. Biðtíminn gæti hins vegar orðið dýr og þegar loks yrði gripið til aðgerða væri nánast gefið að aðgerðin yrði gengisfelling. Það er eina aðferðin sem skilar árangri á augnabliki.

### **Gengisfelling**

Ef gengi er fellt um 10% og fiskverð hækkar sem svarar gengisfellingunni má gera ráð fyrir að afkoma sjávarútvegs batni um rúmlega 3%.

Til að mæta hallatölum sjávarútvegs hefði þannig þurft að fella gengið um að minnsta kosti 20%. Slík gengisfelling hefði leitt til 8-10% hækkunar á framfærslukostnaði og samsvarandi skerðingu kaupmáttar. Það má heita nánast gefið að 20% gengisfelling hefði sett hringrás í gang, nýjar gengisfellingar hefðu siglt í kjölfarið og kapphlaup verðbólgu og gengisfellinga orðið með hliðstæðum hætti og var fyrir fáum árum.

Til að verja okkur gegn 8-10% kaupmáttarskerðingu og koma í veg fyrir að verðbólgan færi aftur á fullt skrið skipti því miklu að finna aðra lausn.

## **Aðrar greinar**

Hér að framan hefur verið fjallað um vanda sjávarútvegs. Það er hins vegar augljóst að þó ekki sé um sama bráðavanda að ræða í öðrum greinum eru víða erfiðleikar. Í almennum iðnaði er áætlað að fækkað hafi um þúsund störf sl.ár og að fækkun starfa nemi þar með um 4 þúsund á sl. 4-5 árum. Hluta þessarar fækkunar má rekja til hagræðingar, en fyrir liggur að íslenskur iðnaður hefur misst verulega markaðshlutdeild í flestum greinum. Samdráttur er einnig að ganga yfir margar greinar verslunar og þjónustu og það stefnir í mikinn samdrátt í byggingariðnaði.

Í ljósi þess að ekki er að vænta mikillar aukningar í botnfiskveiðum landsmanna á næstu árum er ákaflega mikilvægt að byggja upp og efla aðrar framleiðslugreinar til þess að treysta gjaldeyrisöflum þjóðarinnar til lengri tíma litið.

Þó sérstaklega sé fjallað um afkomu sjávarútvegs vegna þess bráðavanda sem þar blasir við eru efnahagsaðgerðir einnig mikilvægar vegna stöðu annarra greina.

## **LÆKKUN KOSTNAÐAR**

Innan atvinnuálanefndar var rætt um það hvaða aðgerðir aðrar en gengisfelling gætu orðið til þess að bæta stöðu atvinnureksturs í landinu. Það varð samkomulag um það að skoða hvaða leiðir kæmu til greina til að lækka kostnað og jafnframt viðhalda stöðugleika og verja kaupmátt.

## **Lækkun vaxta**

Það var sameiginlegt álit í atvinnuálanefnd að lækkun vaxta væri ekki aðeins mikilvæg til að bæta afkomu fyrirtækja og skuldugra einstaklinga heldur jafnframt ein meginforsenda atvinnuuppbyggingar. Það eru fáar fjárfestingar líklegar til að skila þeim arði að hann standi undir þeim vöxtum sem greiða þarf í dag.

Það er ekki pólitísk samstaða um handafliða aðgerðir gagnvart vöxtum og því var fjallað um það hvaða aðgerðir á markaði gætu tryggt lækkun vaxta. Þar var rætt um þrennt. Í fyrsta lagi verulega lækkun bindiskyldu bankanna, sem hefði getað aukið fé á fjármagnsmarkaði um 4-6 milljarða króna, 11 milljarða ef bindiskyldan væri

lögð af. Í öðru lagi að ríkissjóður tæki að hluta erlend lán í stað þess að fjármagna halla sinn á innlendum markaði. Í þriðja lagi að takmarka húsbreftútgáfu vegna kaupa á dýrum húseignum og draga þannig úr eftirspurn á lánamarkaði um allt að 2 milljarða. Samanlagt hefði þannig mátt auka svigrúmið á fjármagnsmarkaði um 8-10 milljarða króna eða sem svarar einum fjórða til eins þriðja af áætluðum peningalegum sparnaði á næsta ári.

Viðmiðun í viðræðum var að raunvextir lækkuðu um 2-3%. Þá var rætt um sérstaka lækkun dráttarvaxta.

### **Lækkun skatta á atvinnurekstri**

**Aðstöðugjöld** Það var sameiginlegt álit í atvinnumálanefnd að æskilegt væri að fella aðstöðugjöld niður. Í því sambandi var ekki aðeins vísað til þess að aðstöðugjöldin væru mikilvægur kostnaðarliður heldur enn frekar til þess að þar sem aðstöðugjaldlög leggst á heildarkostnað viðkomandi fyrirtækis safnast það upp ef um er að ræða viðskipti á milli fyrirtækja. Heildsali sem flytur inn hráefni greiðir þannig aðstöðugjald. Iðnfyrirtæki sem kaupir hráefni af honum greiðir síðan aðstöðugjald af öllum kostnaði, þar á meðal af hráefninu aftur. Selji iðnfyrirtækið vörur sínar til heildsala, greiðir hann aðstöðugjald að nýju og svo loks smásöluverslunin sem kaupir vöruna af honum. Í þessu dæmi hafa þannig fjórir aðilar greitt aðstöðugjald af hráefninu.

Sjávarútvegur greiðir aðstöðugjald (700 m.kr.) og það bætir því stöðu hans að fella það niður en afnám þess skiptir hins vegar mun meiru fyrir iðnfyrirtækin eins og dæmið að framan sýnir.

Í heild er áætlað að innheimt aðstöðugjöld nemi 4.500 m.kr. og samsvari 2,3% í verðlagi í heild, meira á innlendum vörum en minna á innfluttum. Hluti aðstöðugjaldslækkunarinnar nýttist til að bæta stöðu útflutnings og samkeppnisgreina en gert var ráð fyrir því að verðlag iækkaði að meðaltali um 1,5%. Aðstöðugjald á verslun er almennt 1,3% og iðnfyrirtæki munu bæta stöðu sína á markaðinn með því að nýta aðstöðugjaldslækkunina til verðlækkunar. Með afnámi aðstöðugjalds er felldur burtu skattur sem fyrirtækin standa skil á. Það blasir hins vegar við að neytendur greiða stærsta hluta hans í vöruverði, hliðstætt því sem á við um virðisaukaskatt. Til að ná fram verðlækkun fyrir neytendur skiptir máli að aðstöðugjald sé einnig fellt af greinum



sem ekki eru í afkomuvandræðum svo sem verslun.

**Tryggingargjald** er lagt á í tveimur þrepum. Annars vegar 2.5% á launagreiðslur í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði og hins vegar 6% í öðrum greinum. 2.5% lækkun tryggingagjalds (3.600 m.kr.), sem væri afnám þess í lægra þrepinu, mundi styrkja afkomu sjávarútvegs um rúmlega ½%. Með því að ríkið tæki á sig að stærstum hluta að greiða hafnargjöld sjávarútvegs (500 m.kr.) og nokkur smærri gjöld gæti tæplega ½% bæst við í afkomu fyrirtækjanna. Gagnvart öðrum greinum, bæði í iðnaði og verslun, ætti lækkun tryggingagjalds um 2.5% að leiða til lækkunar á vöruverði, sem að meðaltali gæti orðið 1%.

**Stöðugleiki** Með því að verðhækkningar og launahækkningar verði minni hér en í samkeppnislöndunum styrkist samkeppnisstaðan fyrir íslensk fyrirtæki þar sem kostnaður hækkar þá minna en tekjur af útflutningi svo fremi sem verðlag á útflutningsmörkuðum fylgir almennri verðlagsþróun í viðkomandi löndum. Miðað við að kaup hækkaði ekki og ekki yrðu aðrar verðhækkningar en þær sem kynntar eru á fjárlögum svo og erlendar verðhækkningar hefði samkeppnisstaðan batnað um nærri 2% á einu ári.

**Laun og félagsleg réttindi** Í viðræðum innan atvinnuálagnefndar var fallist á það sjónarmið ASÍ að ekki kæmi til greina að lækka laun eða skerða félagsleg réttindi í samningum. Þótt slíkar hugmyndir og þá fyrst og fremst hugmyndir um skerðingu félagslegra réttinda í samningum hafi verið uppi bæði hjá atvinnurekendum og ríkisstjórn var þeim snemma í viðræðum alveg ýtt út af borðum.

**Nýir - hækkaðir skattar** Afnám aðstöðugjalds og lækkun tryggingagjalds hefðu miðað við áætlunina hér að framan lækkað framfærslukostnað heimilanna um 2½%. Sú lækkun hefði komið öllum að gagni í réttu hlutfalli við útgjöld sín og þannig ein og sér aukið kaupmátt.

Til að fjármagna þessar skattalækkningar hefði þurft að hækka skatta á móti ef ekki átti að auka halla hins opinbera. Heildarniðurstaða í kaupmætti ákvarðast

auðvitað af því hvernig skattar eru lagðir á.

Forsendur fulltrúa ASÍ voru þær að aðgerðirnar í heild yrðu til að treysta stöðu láglaunafólks og að tryggt yrði að vera að þeir sem mesta burði hafa beri byrðarnar. Í því sem hér verður rakið er byggt á hugmyndum forseta ASÍ í þessu efni. Miðstjórn ASÍ og formenn landssambanda og svæðasambanda höfðu samþykkt að rætt yrði um málin á þeim grunni þótt fyrirvari væri um einstök atriði.

**Sérstakt skattþrep** Sett yrði á sérstakt 7,5% skattþrep á tekjur yfir 160 þ.kr. á mánuði hjá einstaklingum og 320 þ.kr. hjá hjónum. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1.100 m.kr.

**Vaxtaskattur** 15% skattur yrði lagður á vaxtatekjur, en þær eru nú skattfrjálisar. Áætlaðar tekjur í ríkissjóð 1.500 m.kr.

**Hert skattaeftirlit og hækkun viðmiðunarmarkna sjálfstæðra atvinnurekenda** Skatteftirlit yrði stóraukið, þannig að ráðnir yrðu 80 - 100 nýir starfsmenn sem fengju það hlutverk, ekki aðeins að fylgjast með því hvort skattframtal sé í samræmi við bókhaldið, heldur einnig að kanna hvort bókhaldið er í samræmi við raunveruleg umsvif. Jafnframt að viðmiðunarmörk skattakerfisins fyrir sjálfstætt starfandi fólk yrðu færð til samræmis við almennar tekjur viðkomandi hópa. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs rúmlega 2000 m.kr.

**Bensíngjald, bifreiðagjald** Bensíngjald hækki um 3 kr. á lítra. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 760 m.kr. og að einstaklingar greiddu 550 m.kr. af því og atvinnulífið 200 m.kr. Hækkun framfærslukostnaðar yrði 0,4% og bifreiðagjald (árlegt gjald) hækki um 50%. Tekjur ríkissjóðs af hækkun bifreiðagjalds voru áætlaðar 650 m.kr. og að einstaklingar greiddu 530 m.kr. af því og atvinnulífið 120 m.kr. Hækkun framfærslukostnaðar yrði 0,2%.

**Útsvar** hækki um 1% sem yki tekjur sveitarfélaga um 2.200 m.kr. og af því féllu 2000 m.kr. á einstaklinga og 200 m.kr. á ríkissjóð, vegna áhrifa af skattleysis-mörkunum.

**Virðisaukaskattur** hækki um ½% sem gæfi 850 m.kr. tekjur í ríkissjóð og ylli 0,4% hækkun framfærslukostnaðar.

**Hagræðing í sjávarútvegi** Með því að flytja aflu og hráefni frá þeim fyrirtækjum sem

verst standa til hinna má ná fram verulegri hagræðingu. Jafnvel þó að fyrirtæki fari í gjaldprot er það engan veginn gefið að hús og tæki verði ekki áfram í sömu notum og umfram afkastageta haldi þannig áfram að vera sú sama. Til að ná fram hagræðingu þarf aðgerðir til að draga úr afkastagetu. Í því sambandi hafa oft verið uppi hugmyndir um sjóð sem stuðlað gæti að úreldingu húsa og tækja.

Það er hins vegar fráleitt að líta fram hjá því að sjávarútvegur og byggðamáli eru samtengd. Úrelding framleiðslutækja í sjávarútvegi án byggðartillits er einfaldlega óframkvæmanleg ráðstöfun. Því er rökrétt að tengja þá úreldingu annarri atvinnuuppbyggingu. Það mætti gera með sjóði og þó enn frekar fjárfestingarfyrirtæki sem gerði hvort tveggja í senn að kaupa til sín framleiðslutæki og byggingar sjávarútvegsfyrirtækja og hefði forgöngu um aðra atvinnuuppbyggingu í staðinn þar sem það er nauðsynlegt. Jafnvel kæmi til greina að fjárfestingarfyrirtækið leitaði að fyrirtækjum í öðrum löndum og fengju framleiðsludeild þaðan til Íslands eða flytti framleiðsluna alla hingað til lands. Þá væri tækniþekking og markaðssetning tryggð frá upphafi.

Hugmyndir af þessum toga voru í umræðu í atvinnumálanefnd og í hugmyndum forseta ASÍ var gert ráð fyrir því að árlega yrði í 5-7 ár varið 1.800 m.kr. í þessu skyni. Ekki var gert ráð fyrir sérstakri skattheimtu á sjávarútveg vegna þessa, enda var tilgangur aðgerðarinnar að treysta afkomu sjávarútvegs og meginmarkmiðið yrði ekki aðeins að úrelða framleiðslutæki heldur gangast fyrir atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum landsins. Hugmyndin var að lögð yrðu drög að nýrri öflugri byggðastefnu.

### **Kaupmáttaráhrif af hugmyndum forseta ASÍ**

Samandregð hefði niðurstaðan af lækkun og hækkun skatta því orðið sú að verðlag hefði lækkað um 1,54%. Á móti hefði hækkun útsvars skert ráðstöfunartekjur. Kaupmáttur þeirra sem ekki greiddu skatt í nýju skattþrepi á hærri tekjur og ekki vaxtaskatt ykist við aðgerðirnar en hins vegar skertist kaupmáttur hjá þeim sem greiddu þá skatta. Einstaklingur með 100 þ.kr. tekjur á mánuði sem er nálægt meðaltali hefði aukið kaupmátt sinn um 0.35%. Ef tekið er tillit til þess sem fyrir lá samkvæmt fjárlögum og áhrifa erlendra verðhækkana á komandi ári á framfærslukostnað, samanlagt 1,8%, yrði kaupmáttur í árslok 1993 tæplega 1,5% lægri en var

Í nóvember ef engar kauphækkningar yrðu á tímabilinu.

### Kaupmáttur m.v. hugmyndir

| Mánaðar-<br>tekjur | Áhrif aðgerða | Breyting frá nóv.<br>'92 til des. '93 |
|--------------------|---------------|---------------------------------------|
| 60 þ.kr.           | + 0,71%       | - 1,09                                |
| 80 þ.kr.           | + 0,43%       | - 1,37                                |
| 100 þ.kr.          | + 0,35%       | - 1,45                                |
| 140 þ.kr.          | + 0,25%       | - 1,56                                |
| 180 þ.kr.          | - 0,95%       | - 2,75                                |
| 300 þ.kr.          | - 5,06%       | - 6,86                                |

### VIÐBRÖGÐ RÍKISSTJÓRNAR

Í viðræðum kom strax fram að ríkisstjórnin var treg til þess að samþykkja að setja sérstakt skattþrep á hærri tekjur og skattleggja vaxtatekjur.

Það kom hins vegar á óvart að ríkisstjórnin skyldi ekki leita samkomulags við aðila vinnumarkaðarins heldur ákveða að grípa til aðgerða sem í grundvallaratriðum ganga þvert á þær tekjujöfnunarhugmyndir sem voru til umræðu.

Með tilvísun til óróa á gjaldeyrismörkuðum ákvað ríkisstjórnin 6% gengisfellingu og jafnframt tilteknar tilfærsluaðgerðir. Almenn skattheimta er mun þyngri en hefði verið samkvæmt hugmyndum forseta ASÍ og sértæk skattheimta minni. Jafnframt er verðlækkunin ekki eins og gert var ráð fyrir í hugmyndunum.

Hér á eftir verður farið yfir einstök atriði.

**Gengisfelling** veldur hækkun á erlendum vörum og hækkar tekjur þeirra sem selja vörur og þjónustu til útlanda. Gengisfelling skerðir því kaupmátt jafnframt því sem hún bætir stöðu útflytjenda.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 6% gengisfellingu mun leiða til nærri 3% hækkunar verðlags og kaupmáttarskerðingar sem því nemur. Gengisfelling fer ekki í manngreinarálit. Hún hækkar í svipuðu hlutfalli gagnvart öllum tekjuhópum. Reynslan sýnir hins vegar að lágtekjufólk getur síður spáð í verðbólgu en hátekjufólk og lágtekjufólk á einnig erfiðara með að axla aukna greiðslubyrði lána vegna meiri

verðbólgu.

**Lækkun vaxta** Lögð er fram almenn yfirlýsing um lækkun vaxta en óljóst er hvernig henni verður fylgt eftir. Erfiðara verður að ná árangri í vaxtalækkun samhliða aukinni verðbólgu.

**Lækkun gjalda á atvinnurekstri** Aðstöðugjald verður fellt niður en tryggingagjald lækkar ekki nema í ferðapjónustu. Ferðapjónusta færist úr 6% tryggingagjaldi í 2½% þrep til að vega á móti áhrifum af 14% virðisaukaskatti. 2½% almenn lækkun tryggingagjalds hefði eins og áður sagði leitt til 1% lækkunar verðlags.

### **Nýir, hækkaðir skattar**

**Sérstakt skattþrep** Ríkisstjórnin ákvað nýtt skattþrep 5% á tekjur yfir 200 þ.kr. hjá einstaklingi og 400 þ.kr. hjá hjónum. Það mun gefa um 400 m.kr. tekjur eða 700 m.kr. minna en gert var ráð fyrir í hugmyndum forseta ASÍ. Skattur á hærri tekjur verður því aðeins að óverulegu marki til að fjármagna aðgerðinar.

**Vaxtaskattur** Ríkisstjórnin var ekki tilbúin til þess að leggja á fjármagnstekju-skatt og virðist staðráðin í því að skattlagning á vöxtum komi því aðeins til greina að eignaskattur lækki tilsvarandi. Ríkisstjórnin aftekur því með öllu að afla tekna fyrir ríkissjóð með skatti á fjármagnstekjur.

**Hert skattaeftirlit** Ríkisstjórnin segist vilja herða skattaeftirlit en setur ekkert fram um það hvernig það skuli gert. Hún gerir aðeins ráð fyrir smávægilegri hækkun á viðmiðunarmörkum sjálfstætt starfandi fólks og óverulegri tekjuaukningu af hertu skattaeftirliti.

**Bensíngjald - bifreiðagjald** Ríkisstjórnin ákvað að hækka bensíngjald um 1,50 kr. samanborið við 3 kr. samkvæmt hugmyndum forseta ASÍ. Þó að hækkun bensíngjaldsins sé lægri samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verður bensínhækkunin meiri en hugmyndir forseta gerðu ráð fyrir þegar tekið er tillit til áhrifa af 6% gengisfellingu. Ríkisstjórnin ákvað ekki hækkun bifreiðagjalds en gengisfellingin kemur ekki aðeins fram í bensíni heldur einnig bæði verði bifreiða og varahluta. Bifreiðakostnaður í heild hækkar því mun meira en verið hefði ef hugmyndum forseta ASÍ hefði verið fylgt.

**Tekjuskattur** Útsvar verður óbreytt samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar en tekjuskattur hins vegar hækkaður um 1½%.

**Virðisaukaskattur** Tekið er upp nýtt 14% skattþrep í virðisaukaskatti sem nær til ferðaþjónustu, húshitunar, bóka, tímarita og menningarstarfsemi. Á árinu 1993 að meðaltali er reiknað með að þetta nýja þrep sem kemur til framkvæmda í áföngum valdi 0,6% hækkun framfærsluvísitöku en þegar áhrifin eru að fullu komin fram verði þau um 1%.

**Barnabætur** sem allir foreldrar fá lækka um 30% og barnabótaauki sem er tekjutengdur hækkar um 11% en byrjar að skerðast fyrr en áður. Samanlagt er um verulega skerðingu að ræða. Skerðingin verður hlutfallslega mest hjá fólki með lægstu tekjur og meðaltekjur. Í þessu sambandi er rétt að minna á að samhliða samningsgerð í vor lofaði ríkisstjórn að breyta barnabótakerfinu þannig að felldar yrðu niður barnabætur hjá fólki með hæstu tekjur og það fé sem þannig sparaðist yrði nýtt til að auka barnabætur þeirra tekjulægri. Við þetta loforð hefur ekki verið staðið en barnabætur eru skertar einhliða af öllum og lágtekjufólk þannig svipt þeirri bót sem lofuð var í vor.

**Vaxtabætur** Raunverulegur vaxtakostnaður verður lækkaður um 10% áður en vaxtabætur reiknast. Þar sem tekjuhátt fólk hefur meira svigrúm til lántöku en lágtekjufólk og er í mörgum tilfellum með það há vaxtagjöld að þau eru meiri en sem svarar hámarksviðmiðun bendir flest til þess að þessi niðurreikningur vaxtakostnaðar komi í meira mæli niður á lágtekjufólki en hátekjufólki.

**Lyf og tannlæknþjónusta** Í heilbrigðisráðuneytinu eru uppi hugmyndir um að Tryggingarstofnun hætti að greiða kostnaðarhlut í lyfjum sem kosta 500 kr. eða minna. Áður greiddi Tryggingastofnun 75% af kostnaði við almenn lyfjakaup en er nú ætlað að greiða 75% af því sem fer fram úr 500 kr. Hver lyfjaafgreiðsla hækkar þannig um 375 kr., þ.e. 75% af 500 kr. nema ef lyfið kostar minna en 500 kr. eða ef kostnaður sjúklunga fer yfir 3000 kr. sem er hámarksgreiðsla sjúklunga. Komið er á 25% greiðsluþátttöku foreldra vegna tannlæknþjónustu barna undir 16 ára í stað 10%. Elli og örorkulífeyrisþegar sem njóta fullrar tekjutryggingar fá 75% endurgreiðslu en greiðsluþátttaka Tryggingastofnunnar lækkar í 50% strax og tekjutrygging skerðist eitthvað. Áður greiddi Tryggingastofnun 75% ef viðkomandi fékk greiddan hluta

tekjutryggingar.

## SAMANBURÐUR Á HUGMYND FORSETA ASÍ OG AÐGERÐUM RÍKISSTJÓRNAR

Ríkisstjórnin hafnaði því að skattleggja hærri tekjur til að fjármagna aðgerðir sínar. Hún hafnaði skattlagningu vaxtatekna og stórátaki í skattaeftirliti. Hún lækkar kostnað atvinnurekstrar minna en gert var ráð fyrir í hugmyndum forseta ASÍ og verðlækkun verður því minni. Ríkisstjórnin skerðir barnabætur og vaxtabætur og hækkar greiðslur almennings vegna lyfja og tannlæknaþjónustu. Þá fellir ríkisstjórnin gengið sem veldur verðhækkunum.

### Kaupmáttaráhrif

Kaupmáttaráhrif markast af því að gengisfellingin leiðir til 3% verðbólgu. Skattar á fyrirtæki eru lækkaðir minna en í hugmyndunum sem svarar 1% í verðlagi. Virðisaukaskattur veldur meiri verðhækkun 0,2% m.v. árið 1993 að meðaltali en 0,6% Þegar áhrif nýja virðisaukaskattsþrepsins eru að fullu komin til framkvæmda og tekjuskattur skerðir ráðstöfunartekjur meira (1/2%).

Til viðbótar koma áhrif af skerðingu barnabóta og vaxtabóta og hækkun kostnaðar við lyf og tannlæknaþjónustu.

Kaupmáttaráhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar eru um 7½% kjaraskerðing ef miðað er við almennar tekjur.

### Heildaryfirlit yfir kaupmáttaráhrif af aðgerðum ríkisstjórnarinnar

|         | Áhrif af aðgerðum frá 23. nóv 1992 |                         |                  | Niðurskurður 7/12 1992   |                           |                   |
|---------|------------------------------------|-------------------------|------------------|--------------------------|---------------------------|-------------------|
|         | Breyting<br>ráðst.tekna            | Verðbólga<br>nóv-des 93 | Samtals<br>áhrif | Barnabætur<br>vaxtabætur | Lyfjakostn<br>tannlæknak. | Kaupm.<br>í heild |
| 60.000  | -1,3%                              | -4,4%                   | -5,7%            | -1,3%                    | -0,4%                     | - 7,4%            |
| 80.000  | -1,7%                              | -4,4%                   | -6,0%            | -1,2%                    | -0,4%                     | - 7,6%            |
| 100.000 | -1,8%                              | -4,4%                   | -6,1%            | -0,7%                    | -0,4%                     | - 7,2%            |
| 140.000 | -1,9%                              | -4,4%                   | -6,3%            | -1,0%                    | -0,4%                     | - 7,7%            |
| 180.000 | -2,0%                              | -4,4%                   | -6,4%            | -0,8%                    | -0,4%                     | - 7,5%            |
| 300.000 | -4,6%                              | -4,4%                   | -9,0%            | -0,4%                    | -0,4%                     | - 9,8%            |

Samkvæmt hugmyndum forseta ASÍ hefði kaupmáttur lágtekju fólks og fólks

með miðlungstekjur aukist en skerðing hefði orðið hjá fólki með hærri tekjur. Ef ekki hefði orðið kauphækkun á árinu 1993 hefði kaupmáttur í árslok lækkað um 1% hjá þeim tekjulægstu, um 1½% hjá einstaklingi með meðaltekjur og tæplega 7% hjá einstaklingi með 300 þ.kr. mánaðartekjur.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu leiða til um 7½% kaupmáttarskerðingar hjá fólki með almennar launatekjur, 60-180 þ.kr. á mánuði og 10% skerðingar hjá einstaklingi með 300 þ.kr. á mánuði.

Með aðgerðunum er því ákveðin um 6% kjaraskerðing hjá almennu launafólki um fram það sem orðið hefði ef hugmyndum forseta ASÍ hefði verið fylgt. Hjá tekjuháu fólki er munurinn miklu minni.

### Kaupmáttarbreyting nív. 1992 til ársloka 1993 samanburður áhrifa

| Mánaðartekjur | Hugmynd | Ríkisstjórn | Munur |
|---------------|---------|-------------|-------|
| 60 þ.kr       | - 1,1%  | - 7,4%      | 6,3%  |
| 80 þ.kr       | - 1,4%  | - 7,6%      | 6,2%  |
| 100 þ.kr      | - 1,5 % | - 7,2%      | 5,7%  |
| 140 þ.kr      | - 1,6%  | - 7,7%      | 6,1%  |
| 180 þ.kr      | - 2,8%  | - 7,5%      | 5,3%  |
| 300 þ.kr      | - 6,9%  | - 9,8%      | 2,9%  |

Öfugt við það sem var í hugmyndum þar sem aðgerðir voru að meirihluta fjármagnaðar með skattlagningu hærri tekna fjármagnstekna og hertu skatteftirliti eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar nánast alfarið fjármagnaðar með almennri skattheimtu, skerðingu barnabóta og vaxtabóta og auknum greiðslum fólks vegna lyfja og tannlækninga auk þess sem gengið er fellt.

### Hagræðing í sjávarútvegi

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir úreldingarsjóði sem lagt geti fram 4 milljarða króna til úreldingar á húsum, skipum og tækjum í sjávarútvegi. Tekna til sjóðsins verði aflað síðar með gjaldi á sjávarútveginum.

Verkefni þessa sjóðs er mun þrengra en í hugmyndum forseta ASÍ og heildarfjárhæðir mun lægri en þar var gert ráð fyrir. Það virðist mjög óljóst hve



miklum árangri verður náð með sjóði sem ekki er ætlað að byggja upp ný atvinnutækifæri jafnframt því sem fé er veitt til úreldingar.

### **Atvinnuástand**

Aðgerðir til atvinnueflingar eru mun minni samkvæmt hugmyndum ríkisstjórnarinnar. Í hugmynd forseta ASÍ var reiknað með að þær aðgerðir mundu auka atvinnu um 1,5% - 2% og bætt samkeppnisstaða mundi auka atvinnu um 1%. Samanlagt yrðu áhrifin þannig 2,5% - 3%. Atvinnuleysi er nú um 3% og fyrirsjáanleg aukning er talin um 2%. Þrátt fyrir aðgerðir samkvæmt hugmyndum forseta ASÍ mátti því reikna með 2 - 2,5% atvinnuleysi.

Atvinnueflingaraðgerðir ríkisstjórnarinnar nema um einum þriðja af því sem var í hugmyndum forseta ASÍ og áhrifin af bættri samkeppnisstöðu á atvinnustigið koma lítið sem ekkert fram þar sem fyrirtækin mæta samdrætti samhliða því sem samkeppnisstaða batnar. Rétt er að benda á að þar sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar miða að hluta að því að treysta afkomu ríkissjóðs munu fjárlagaaðgerðirnar auka samdráttinn. Vaxtalækkun er í verulegri óvissu og nafnvextir munu hækka vegna aukinnar verðbólgu. Háir vextir munu því áfram hindra atvinnuuppbyggingu. Árangur af starfi úreldingarsjóðs sjávarútvegsins er mun óvissari og ekki er gert ráð fyrir því að hann hafi atvinnuuppbyggingarhlutverk. 6% gengisfelling bætir stöðuna í sjávarútvegi um rúm 2% en hækkar verðlag um 3%. Þetta er álíka mikill bati á afkomu sjávarútvegs og fengist hefði ef þeirri stefnu sem mörkuð var í síðustu kjarasamningum hefði verið haldið til streytu, þ.e. að halda verðlagi hér innanlands undir þeirri verðþróun sem er hjá helstu samkeppnislöndum okkar.

Að öllu samanlögðu er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir vaxandi atvinnuleysi í stað minna atvinnuleysis ef farið hefði verið að hugmyndum forseta ASÍ.


Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru því ekki aðeins atlega að kaupmætti fyrir unna stund. Aðgerðirnar munu einnig auka á atvinnuleysið og leiða til minni yfirvinnu.

### **Afkoma atvinnuveganna - óvissa um framtíðina**


Eins og dregið hefur verið fram í þessu fréttabréfi er veruiegur munur á þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur lagt til og þeim hugmyndum sem forseti ASÍ lagði

til. Draga má þennan mun saman á þann hátt, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar treysta hvorki kaupmátt launa né tryggja afkomu atvinnuveganna með viðunandi hætti. Forsenda ríkisstjórnarinnar um að laun haldist óbreytt á næsta ári, í ljósi þeirrar kjaraskerðingar sem farið er fram með, er úr lausu lofti gripin. Í stað þess að velja þá leið að halda áfram þeirri samstöðu sem verið hefur um efnahagsstefnuna undanfarin ár hefur ríkisstjórnin valið að rjúfa samstöðuna og stefna þjóðinni út á braut óvissu á komandi árum. Þetta leiðir til þess að stöðugleikanum er fórnað og þar með því sóknarfæri sem hann hefði getað skapað okkur í nýrri sókn í atvinnuuppbyggingu og byggðapróun.


----- O -----



**Kaupmáttaráhrif aðgerða ríkisstj. og hugmynda ASÍ  
frá nóv. 1992 til des. 1993**



Hagdeild ASÍ



**ÁLYKTANIR OG SAMÞYKKTIR**

**37. ÞINGS ALPÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS**

**AKUREYRI**

**23. - 27. NÓVEMBER**

**1992**

### III. KJARA- EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

#### ALMENNT UM KJARA- EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

37. þing ASÍ mótmælir harðlega kjaraskerðingum ríkisstjórnarinnar og lýsir ábyrgð á hendur henni vegna þess alvarlega ástands sem nú blasir við atvinnulífi og alþýðuheimilum í landinu. Verkalýðshreyfingin hlýtur að bregðast við þessu af fullri hörku.

Þingið lýsir furðu sinni á því að ríkisstjórnin skuli hafa hafnað samkomulagi um tekjujöfnunaraðgerðir sem hefðu varið kaupmátt almenns launafólks og um leið treyst undirstöður atvinnulífsins með allt öðrum og tryggari hætti en þær aðgerðir sem hún hefur nú ákveðið.

Í næstu kjarasamningum verður launafólk að sækja leiðréttingu vegna þeirra kjaraskerðinga sem leiða af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, auk þess að bæta verður kjör hinna lægst launuðu sérstaklega. Þá er augljóst að ein af meginkröfum hreyfingarinnar verður kaupmáttartrygging launa svo launafólk þurfi ekki að standa frammi fyrir aðgerðum af þessu tagi bótalaut.

37. þing ASÍ skorar á aðildarfélögin að undirbúa uppsögn gildandi kjarasamninga með tilvísun til gengisfellingarákvæðis samningsins. Jafnframt skorar þingið á félögin að gangast fyrir umræðum um kjara- og atvinnumál í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem við blasir og felur nýkjörinni miðstjórn að gangast fyrir fundahöldum til að búa hreyfinguna undir átök til að sækja rétt sinn og kjör.

#### ALMENNT UM ATVINNUMÁL

37. þing ASÍ lýsir yfir áhyggjum sínum af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í atvinnumálum þjóðarinnar og telur það forgangsverkefni hreyfingarinnar að vinna bug á þeirri gifurlegu neyð sem nú þjakar þúsundir launafólks.

Atvinnuleysi sem áður var árstíðabundið er nú orðið viðvarandi allt árið og fer vaxandi. Á ákveðnum svæðum er atvinnuleysi orðið það alvarlegt og langvarandi að liggur við eyðing byggðar.

Fjölskyldan er sú grunneining sem þjóðfélagið byggir á. Þegar vegið er að tilveru hennar þannig að hún getur ekki séð sér farborða er jafnframt vegið að rötum þjóðfélagsins.

Hver þjóðfélagsþegn á þá sjálfsgöðu kröfu á hendur samfélaginu að honum séu tryggð þau grundvallar mannréttindi að geta séð sér og sínum farborða með vinnu sinni. Verndun lífskjara launafólks felst ekki síst í því að atvinna sé næg. Þeir fjármunir, sem varið er til greiðslu atvinnuleysisbóta, væru því mun betur komnir í vasa verkafólks í formi vinnulauna fyrir arðbær störf í þágu þjóðfélagsins.

Stjórnleysi í fjárfestingum ásamt alltof háum vöxtum er meginorsök þeirra erfiðleika sem atvinnulífið á við að etja í dag. Því átelur þingið harðlega að ekki skuli hafa verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðusambandsins í atvinnu- og efnahagsmálum.

37. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld breyti nú þegar um stefnu í atvinnumálum í stað afskiptaleysis gagnvart atvinnuvegunum verði tekin upp stefna markvissrar uppbyggingar í atvinnulífinu með það að leiðarljósi að allir þegnarnir hafi atvinnu við sitt hæfi.

## MÓTMÆLI GEGN YFIRLÝSINGUM FORSÆTISRÁÐHERRA

37. þing ASÍ mótmælir harðlega þeim ómerkilegu dylgjum forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, og fullyrðingum um að í tillögum Alþýðusambandsins hefðu falist meiri álögur á launafólk en fram kemur í hinum illræmdu ráðstöfunum stjórnvalda sem nú liggja fyrir.

Hér er um hin mestu ófugmæli að ræða. Tillögur Alþýðusambands Íslands hefðu skilað láglaunafólki bættum kaupmætti en ráðstafanir ríkisstjórnarinnar rýra kaupmátt allra og rjúfa þá sátt sem hingað til hefur ríkt í þjóðfélaginu.

Ríkisstjórnin ein ber alla ábyrgð á afleiðingum þessara afglapa sinna.

## MÓTMÆLI GEGN ÁLAGNINGU VIRÐISAUKASKATTIS Á HÚSHITUN

37. þing ASÍ mótmælir harðlega álagningu virðisaukaskatts á húshitun. Þessi skattlagning kemur verst við þá sem þegar greiða mest fyrir orkuna og eykur því enn á ójöfnuðinn í landinu.

## STUÐNINGUR VIÐ STARFSMENN ÍSAL

37. þing ASÍ lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu starfsmanna álversins gegn hinum erlenda auðhring í Straumsvík og krefst þess að ÍSAL láti af kröfum sínum um skert réttindi starfsmanna og semji án tafar. Þingið lýsir jafnframt allri ábyrgð á hendur Vinnuveitendasambandinu vegna þessa máls og bendir á að vinnubrögð þess stofni trausti og samskiptum aðila í alvarlega hættu.

## ÍSLENSKAR VÖRUR

37. þing ASÍ skorar á íslenskt launafólk, atvinnurekendur og þá sem sjá um innkaup fyrir opinbera aðila að beina innkaupum sínum í auknum mæli að innlendri vöru og þjónustu. Kaup á erlendri vöru og þjónustu eru í raun innflutningur á erlendu vinnuafli, sem leiðir til aukins atvinnuleysis hjá íslensku launafólki. Þingið krefst þess að allra leiða verði leitað til að nýta betur það hráefni sem til fellur í landinu.

Íslendingar! Sýnum samstöðu, virðum störf íslenskra handa, kaupum íslenskt.

## HVALVEIÐAR

37. þing ASÍ skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér nú í vetur fyrir því að hafnar verði hvalveiðar og vinnsla á afurðum á Íslandi á næstu vertíð að sumri.

Í hvalstöðinni í Hvalfirði, og reyndar víðar þar sem t.d. hrefnuveiðar hafa verið stundaðar, leynast tugir atvinnutækifæra fyrir íslenskt verkafólk að ógleymdum þeim útflutningstekjum sem þessar afurðir geta skilað til ríkis og sveitarfélaga. Að láta slík

tækifæri liggja milli hluta er hreint forkastanlegt og því skorar þingið á alla sem geta beitt sér í málinu að taka undir og knýja það fram.



Samþykkt á fundi miðstjórnar ASÍ  
miðvikudaginn 9. desember 1992

## AÐGERÐIR RÍKISSTJÓRNAR

Miðstjórn ASÍ ítrekar mótmæli 37. þings sambandsins gegn harkalegum kjaraskerðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og hvetur félögin til þess að segja samningum upp sem fyrst, þannig að þeir verði lausir fyrir 1. febrúar n.k.

Miðstjórn mótmælir harðlega þeim viðbótaraðgerðum sem nú hafa verið kynntar um skerðingu barnabóta, vaxtabóta, aukinn lyfjakostnað og kostnað vegna tannlækninga barna og aldraðra. Í öllum þessum atriðum er gengið þvert á kröfu ASÍ um aukinn jöfnuð.

Ríkisstjórnin sem hét því samhlíða samningum sl. vor að breyta barnabótakerfinu lágtekjufjölskyldum í hag með því að nota afraksturinn af lækkun barnabóta fjölskyldna með hærri tekjur til að hækka barnabætur fjölskyldna með lægri tekjur, hefur nú ákveðið að lækka barnabætur einhlíða. Lágtekjufólk er þannig svikið um þá bót sem ríkisstjórnin lofaði á liðnu vori.

Vaxtabætur eru skertar með aðferð sem kemur harðar niður á lágtekjufólki en hátekjufólki.

Aukinn lyfjakostnaður og kostnaður vegna tannlækninga barna og aldraðra er alvarleg skattlagning á það fólk sem síst má við auknum álögum.

Áður en til aðgerðanna var gripið höfðu fulltrúar ASÍ sýnt fram á að með tekjufjöfnunaraðgerðum má verja kaupmátt láglaunafólks og um leið treysta undirstöður atvinnulífsins.

Miðstjórnin ítrekar mótmæli ASÍ þings við því að ríkisstjórnin skuli hafa hafnað samstarfi við verkalýðssamtökin um lausn efnahagsmála og að hana skuli skorta pólitískan vilja til að standa að tekjufjöfnunaraðgerðum. Einmitt við þær erfiðu aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í dag er nauðsyn á breiðri samstöðu um að verja kjör lágtekjufólks

Miðstjórn ASÍ skorar því á ríkisstjórnina að taka ákvarðanir sínar til endurskoðunar og lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni ef hún með þessum hætti velur að rjúfa grið gagnvart lágtekjufólki.

## AÐILD VERKALÝÐSSAMTAKANNA AÐ STJÓRN HÚSNÆÐISSTOFNUNAR

Í áratugi hafa verkalýðssamtökin barist fyrir úrbótum á húsnæðiskerfinu. Þau hafa samið um skattlagningu til þess að fjármagna húsnæðiskerfið og staðið að lánsfjármögnun af hálfu lífeyrissjóðanna. Í ljósi þessa kemur á óvart að félagsmálaráðherra skuli nú kynna tillögu um að ryðja fulltrúum verkalýðssamtakanna úr stjórn Húsnæðisstofnunar. Félagsmálaráðherra ætti að vera það ljósara en nokkrum öðrum að einmitt nú ríður á að halda samstöðu um húsnæðiskerfið.


Miðstjórn Alþýðusambandsins gerir kröfu til þess að samtökunum verði áfram tryggð aðild að stjórn Húsnæðisstofnunar og varar alvarlega við því að höggvið verði á það samstarf sem verið hefur um húsnæðiskerfið.



Hagdeild ASÍ

Heildaryfirlit yfir kaupmáttaráhrif af aðgerðum ríkisstjórnarinnar

| Tekjur | Breyting ráðst. tekna               | Verðbólga nóv 92-des 93 | Samtals áhrif af | Barnabætur vaxtabætur  | Lyfjakostn. tannlæknak. | Kaupm. í heild |
|--------|-------------------------------------|-------------------------|------------------|------------------------|-------------------------|----------------|
|        | Áhrif af aðgerðum frá 23. nóv. 1992 |                         |                  | Niðurskurður 7/12 1992 |                         |                |
| 60000  | -1,33%                              | -4,35%                  | -5,68%           | -1,31%                 | -0,40%                  | -7,4%          |
| 80000  | -1,66%                              | -4,35%                  | -6,01%           | -1,18%                 | -0,40%                  | -7,6%          |
| 100000 | -1,78%                              | -4,35%                  | -6,13%           | -0,71%                 | -0,40%                  | -7,2%          |
| 120000 | -1,87%                              | -4,35%                  | -6,22%           | -0,66%                 | -0,40%                  | -7,3%          |
| 140000 | -1,94%                              | -4,35%                  | -6,29%           | -0,98%                 | -0,40%                  | -7,7%          |
| 160000 | -2,00%                              | -4,35%                  | -6,35%           | -0,91%                 | -0,40%                  | -7,7%          |
| 180000 | -2,04%                              | -4,35%                  | -6,39%           | -0,75%                 | -0,40%                  | -7,5%          |
| 200000 | -2,08%                              | -4,35%                  | -6,43%           | -0,71%                 | -0,40%                  | -7,5%          |
| 250000 | -3,58%                              | -4,35%                  | -7,93%           | -0,63%                 | -0,40%                  | -9,0%          |
| 300000 | -4,65%                              | -4,35%                  | -9,00%           | -0,37%                 | -0,40%                  | -9,8%          |
| 350000 | -5,44%                              | -4,35%                  | -9,79%           | -0,33%                 | -0,40%                  | -10,5%         |



## Breytingar á barnabótakerfi

9. Des. 92 kl. 12:31



| Viðmiðunartölur:                        |         | Núverandi | Hugmynd   | Nýtt      | Breyting |
|---|---------|-----------|-----------|-----------|----------|
| Hjón:                                   |         | kerfi     | ASÍ       | kerfi     | grunns   |
| Með 1. barni                            |         | 8.886     | 123.000   | 6.220     | -30,0%   |
| Með börnum umfram það                   |         | 27.564    | 137.000   | 19.295    | -30,0%   |
| Viðbótarbætur með börnum yngri en 7 ára |         | 28.917    | 29.000    | 20.240    | -30,0%   |
| Barnabótaauki með hverju barni          |         | 89.284    | 0         | 99.000    | 10,9%    |
| Barnabótaauki einst. foreldra           |         |           |           | 114.000   | 27,7%    |
| Lágmarksbætur einstæðra foreldra        |         | 66.723    | 163.807   | 46.710    | -30,0%   |
| Með börnum umfram eitt                  |         | 70.941    | 168.236   | 49.660    | -30,0%   |
| Neðri tekjumörk hjóna                   |         | 1.098.000 | 1.098.000 | 1.043.000 | -5,0%    |
| Neðri tekjumörk einstæðir foreldrar     |         | 732.000   | 732.000   | 695.000   | -5,1%    |
| Skerðing:                               | 1. barn | 7,0%      | 7,0%      | 7,0%      |          |
|   | 2. barn | 6,0%      | 6,5%      | 6,0%      |          |
|   | 3. barn | 5,0%      | 6,0%      | 5,0%      |          |
|   | Umfram  | 4,0%      | 5,5%      | 4,0%      |          |

## Hjón með tvö börn annað yngra en 7 ára - mánaðartölur

| Mánaðattekjur<br>krónur | Núverandi<br>kerfi<br>krónur | Hugm. ASÍ<br>í samn. í vor<br>krónur | Nýtt<br>kerfi<br>krónur | Ahrif á kaupmátt<br>m.v. loforð ríkisstj. |       | Ahrif á kaupmátt<br>af aðgerðum ríkisstj. |       |
|-------------------------|------------------------------|--------------------------------------|-------------------------|---|-------|---|-------|
|                         |                              |                                      |                         | krónur                                    | %     | krónur                                    | %     |
| 100.000                 | 19.223                       | 22.936                               | 18.612                  | -4.324                                    | -4,3% | -611                                      | -0,6% |
| 150.000                 | 12.723                       | 16.186                               | 12.112                  | -4.074                                    | -2,7% | -611                                      | -0,4% |
| 180.000                 | 8.823                        | 12.136                               | 8.212                   | -3.924                                    | -2,2% | -611                                      | -0,3% |
| 200.000                 | 6.223                        | 9.436                                | 5.612                   | -3.824                                    | -1,9% | -611                                      | -0,3% |
| 234.000                 | 5.447                        | 4.846                                | 3.813                   | -1.033                                    | -0,4% | -1.634                                    | -0,7% |
| 250.000                 | 5.447                        | 2.686                                | 3.813                   | 1.127                                     | 0,5%  | -1.634                                    | -0,7% |
| 300.000                 | 5.447                        | 0                                    | 3.813                   | 3.813                                     | 1,3%  | -1.634                                    | -0,5% |
| 400.000                 | 5.447                        | 0                                    | 3.813                   | 3.813                                     | 1,0%  | -1.634                                    | -0,4% |

## Einstæðir foreldrar með eitt barn yngra en 7 ára - mánaðartölur

| Mánaðattekjur<br>krónur | Núverandi<br>kerfi<br>krónur | Hugm. ASÍ<br>í samn. í vor<br>krónur | Nýtt<br>kerfi<br>krónur | Ahrif á kaupmátt<br>m.v. loforð ríkisstj. |       | Ahrif á kaupmátt<br>af aðgerðum ríkisstj. |       |
|-------------------------|------------------------------|--------------------------------------|-------------------------|---|-------|---|-------|
|                         |                              |                                      |                         | krónur                                    | %     | krónur                                    | %     |
| 50.000                  | 13.001                       | 13.651                               | 13.393                  | -258                                      | -0,5% | 392                                       | 0,8%  |
| 80.000                  | 11.671                       | 12.321                               | 11.847                  | -474                                      | -0,6% | 176                                       | 0,2%  |
| 91.000                  | 10.901                       | 11.551                               | 11.077                  | -474                                      | -0,5% | 176                                       | 0,2%  |
| 100.000                 | 10.271                       | 10.921                               | 10.447                  | -474                                      | -0,5% | 176                                       | 0,2%  |
| 145.000                 | 7.121                        | 7.771                                | 7.297                   | -474                                      | -0,3% | 176                                       | 0,1%  |
| 150.000                 | 6.771                        | 7.421                                | 6.947                   | -474                                      | -0,3% | 176                                       | 0,1%  |
| 180.000                 | 5.560                        | 5.321                                | 4.847                   | -474                                      | -0,3% | -714                                      | -0,4% |
| 200.000                 | 5.560                        | 3.921                                | 3.893                   | -28                                       | 0,0%  | -1.668                                    | -0,8% |
| 250.000                 | 5.560                        | 421                                  | 3.893                   | 3.472                                     | 1,4%  | -1.668                                    | -0,7% |



## Áhrif breytinga á vaxtabótum

8. Des. 92 kl. 13:51

### Breytingin felst í eftirfarandi:

Uppgefin vaxtagjöld eru lækkuð um 10%.

Hert er á eignaviðmiðun þannig að vaxtabætur falla út þegar hrein eign fer 80% yfir viðmiðunarmörkin.

Hámark viðurkenndra vaxtagjalda er lækkuð.

Ekki hefur verið hægt að meta síðustu tvö atriðin. Þar sem áhrif þeirra kemur ekki fram í einföldum meðaltölum.

### Eignar- og tekjuskattsstofn þeirra sem fengu vaxtabætur 1992

#### Hjón/sambýlisfólk

| Árstekjur           | Mán.tekjur | Fjöldi | Meðal-tekjur | Meðal-eignask.st. | Meðal-vaxtagjöld | Vaxtabætur fyrir breyt. | Vaxtabætur eftir breyt. | Breyting í krónum | Áhrif á kaupmátt |
|---------------------|------------|--------|--------------|-------------------|------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------|------------------|
| 0 - 1000            | 0 - 83     | 415    | 668,2        | 3.308,3           | 232,8            | 192,8                   | 169,5                   | -23,3             | -3,5%            |
| 1000 - 2000         | 83 - 167   | 3.595  | 1.588,5      | 3.719,7           | 295,3            | 200,0                   | 170,5                   | -29,5             | -1,9%            |
| 2000 - 3000         | 167 - 250  | 5.020  | 2.478,7      | 3.720,7           | 360,2            | 200,0                   | 175,5                   | -24,5             | -1,0%            |
| 3000 - 4000         | 250 - 333  | 2.698  | 3.427,2      | 3.977,5           | 442,9            | 200,0                   | 193,0                   | -7,0              | -0,2%            |
| 4000 -              | 333 -      | 1.286  | 4.887,1      | 4.602,8           | 596,3            | 200,0                   | 200,0                   | 0,0               | 0,0%             |
| Alls með vaxtabætur |            | 13.014 | 2.609,7      | 3.853,0           | 312,0            | 199,8                   | 179,9                   | -19,8             | -0,5%            |

Heimild: Þjóðhagsstofnun

### Eignar- og tekjuskattsstofn þeirra sem fengu vaxtabætur 1992

#### Einstæðir foreldrar

| Árstekjur           | Mán.tekjur | Fjöldi | Meðal-tekjur | Meðal-eignask.st. | Meðal-vaxtagjöld | Vaxtabætur fyrir breyt. | Vaxtabætur eftir breyt. | Breyting í krónum | Áhrif á kaupmátt |
|---------------------|------------|--------|--------------|-------------------|------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------|------------------|
| 0 - 1000            | 0 - 83     | 883    | 671,6        | 1.806,1           | 414,1            | 200,0                   | 200,0                   | 0,0               | 0,0%             |
| 1000 - 2000         | 83 - 167   | 1.137  | 1.378,5      | 2.135,5           | 225,5            | 142,8                   | 120,2                   | -22,6             | -1,6%            |
| 2000 - 3000         | 167 - 250  | 131    | 2.327,1      | 2.268,5           | 338,7            | 199,1                   | 165,2                   | -33,9             | -1,5%            |
| 3000 - 4000         | 250 - 333  | 15     | 3.292,1      | 2.834,3           | 364,2            | 166,7                   | 130,3                   | -36,4             | -1,1%            |
| 4000 -              | 333 -      | 5      | 5.124,6      | 3.337,7           | 652,9            | 200,0                   | 200,0                   | 0,0               | 0,0%             |
| Alls með vaxtabætur |            | 2.171  | 1.170,1      | 2.035,8           | 312,0            | 169,8                   | 155,6                   | -14,1             | -0,7%            |

Áhrif af breytingum á greiðslubátttöku lyfja:

| Verðbil á lyfjaávisun |                | Velta í smásölu þús.kr. | Fjöldi lyfjaávis. | Þátttaka alm.trygg. þús.kr. | Meðalverð á lyfi kr. | Þátttaka sjúklinga     |                            | Hækkun kostn. % |
|-----------------------|----------------|-------------------------|-------------------|-----------------------------|----------------------|------------------------|----------------------------|-----------------|
|                       |                |                         |                   |                             |                      | Kerfi frá 1. ágúst kr. | Nýtt kerfi frá 1. jan. kr. |                 |
| 0 - 500               | 11.315         | 32.441                  | 1.352             | 349                         | 87                   | 349                    | 300,0%                     |                 |
| 501 - 1.000           | 38.341         | 51.847                  | 9.432             | 740                         | 185                  | 560                    | 202,8%                     |                 |
| 1.001 - 1.500         | 31.215         | 25.339                  | 12.662            | 1.232                       | 308                  | 683                    | 121,8%                     |                 |
| 1.501 - 2.000         | 26.210         | 15.167                  | 14.770            | 1.728                       | 432                  | 807                    | 86,8%                      |                 |
| 2.001 - 2.500         | 23.186         | 10.354                  | 15.272            | 2.239                       | 560                  | 935                    | 67,0%                      |                 |
| 2.501 - 3.000         | 15.988         | 5.870                   | 12.004            | 2.724                       | 681                  | 1.056                  | 55,1%                      |                 |
| 3.001 - 3.500         | 16.013         | 4.931                   | 12.950            | 3.247                       | 812                  | 1.187                  | 46,2%                      |                 |
| 3.501 - 4.000         | 14.000         | 3.745                   | 11.715            | 3.738                       | 935                  | 1.310                  | 40,1%                      |                 |
| 4.001 - 4.500         | 16.184         | 3.805                   | 13.956            | 4.253                       | 1.063                | 1.438                  | 35,3%                      |                 |
| 4.501 - 5.000         | 11.448         | 2.402                   | 10.297            | 4.766                       | 1.192                | 1.567                  | 31,5%                      |                 |
| 5.001 - 6.000         | 17.312         | 3.150                   | 15.691            | 5.496                       | 1.374                | 1.749                  | 27,3%                      |                 |
| 6.001 - 7.000         | 15.791         | 2.431                   | 14.648            | 6.496                       | 1.624                | 1.999                  | 23,1%                      |                 |
| 7.001 - 8.000         | 15.736         | 2.114                   | 14.771            | 7.444                       | 1.861                | 2.236                  | 20,2%                      |                 |
| 8.001 - 9.000         | 14.709         | 1.724                   | 13.958            | 8.532                       | 2.133                | 2.508                  | 17,6%                      |                 |
| 9.001 - 10.000        | 13.468         | 1.416                   | 12.876            | 9.511                       | 2.378                | 2.753                  | 15,8%                      |                 |
| 10.001 - 11.000       | 12.491         | 1.190                   | 12.011            | 10.497                      | 2.624                | 2.999                  | 14,3%                      |                 |
| 11.001 - 12.000       | 15.403         | 1.345                   | 14.911            | 11.452                      | 2.863                | 3.000                  | 4,8%                       |                 |
| 12.001 - 13.000       | 8.421          | 674                     | 8.083             | 12.494                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 13.001 - 14.000       | 9.759          | 716                     | 9.449             | 13.630                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 14.001 - 15.000       | 7.283          | 507                     | 7.068             | 14.365                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 15.001 - 16.000       | 4.560          | 293                     | 4.453             | 15.563                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 16.001 - 17.000       | 6.995          | 423                     | 6.857             | 16.537                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 17.001 - 18.000       | 4.971          | 287                     | 4.830             | 17.321                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 18.001 - 19.000       | 3.005          | 162                     | 2.932             | 18.549                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 19.001 - 20.000       | 4.107          | 211                     | 4.008             | 19.464                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 20.001 - 21.000       | 2.856          | 138                     | 2.783             | 20.696                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 21.001 - 22.000       | 2.634          | 123                     | 2.588             | 21.415                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 22.001 - 23.000       | 4.860          | 215                     | 4.775             | 22.605                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 23.001 - 24.000       | 3.344          | 143                     | 3.294             | 23.385                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 24.001 - 25.000       | 3.829          | 156                     | 3.728             | 24.545                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 25.001 - 26.000       | 1.421          | 56                      | 1.391             | 25.375                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 26.001 - 27.000       | 1.186          | 45                      | 1.159             | 26.356                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 27.001 - 28.000       | 2.312          | 84                      | 2.255             | 27.524                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 28.001 - 29.000       | 654            | 23                      | 644               | 28.435                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 29.001 - 30.000       | 503            | 17                      | 497               | 29.588                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 30.001 - 40.000       | 6.389          | 185                     | 6.260             | 34.535                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 40.001 - 50.000       | 3.814          | 86                      | 3.775             | 44.349                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 50.001 - 60.000       | 1.994          | 36                      | 1.984             | 55.389                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 60.001 - 70.000       | 2.663          | 41                      | 2.655             | 64.951                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 70.001 - 80.000       | 1.498          | 20                      | 1.496             | 74.900                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 80.001 - 90.000       | 753            | 9                       | 753               | 83.667                      | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| 90.001 -              | 5.899          | 41                      | 5.691             | 143.878                     | 3.000                | 3.000                  | 0,0%                       |                 |
| <b>Samtals</b>        | <b>404.520</b> | <b>173.962</b>          | <b>306.684</b>    |                             |                      |                        |                            |                 |

Lyf undir 2.000 kr. 107.081 107.081

í hlutfalli af heild 26,47% 61,55%

Breyting í heild:

|                  | Lyfjaverð | Greiðsluhluti sjúklings |           | Hækkun: |
|------------------|-----------|-------------------------|-----------|---------|
|                  |           | 1. ágúst                | 1. janúar |         |
| Meðalverð lyfja  | 2.325     | 525                     | 867       | 65,2%   |
| Greiðslubátttaka |           | 22,6%                   | 37,3%     |         |